

Fyrirspurnir frá sjálfstæðisflokki fyrir heilbrigðisráð:

*Hvaða hlutverki sinnir hundaeftirlit Reykjavíkur?*

Svar: Að framfylgja ákvæðum samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 478/2012. Samþykktin er ein af samþykktum sem heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar setur á grundvelli laga nr. 7/1998 og hefur ígildi reglugerðar.

*Hvað eru margir starfsmenn hjá hundaeftirlitinu og hvaða hlutverkum sinna þeir?*

Svar: Tveir hundaeftirlitsmenn framfylgja samþykkt um hundahald s.s. sinna eftirliti með hundahaldi í borginni, taka við kvörtunum rannsaka hvort þær eigi við rök að styðjast, eftirfylgni mála, fanga lausagönguhunda og finna út eigahald þeirra, koma þeim sem ekki finnst eigandi að í hundageymslu og sinna eftirliti með hundunum, koma hundum í hendur nýrra eiganda eða í aflifun, fá óskráða hunda á skrá o.s.frv. Stöðugildi eins ritara er hjá hundaeftirlitinu og sjá ritararar um almenn ritarastörf; síma vörslu, taka við umsóknum, skráningar og skjalavistun, reikningshald o.s.frv. Framkvæmdastjóri HER sinnir með hundaeftirlitismönnum málum sem eru líkleg að leiða til þvingunaraðgerða eða öðrum íþyngjandi málum. Stoðþjónusta er síðan við hundaeftirlitið sem og aðra starfsemi HER s.s. lögfræðiþjónusta o.fl.

*Í hvað fara gjöldin sem hundaeigendur greiða fyrir skráða hunda í Reykjavík?*

Svar: Í Reykjavík eiga hundaeftirlitsgjöld á hundaeigendur að standa undir rekstri hundaeftirlitsins sbr. 1. gr. gjaldskrá um hundahald í Reykjavík nr. 1189/2016. Gjöldin gera það að stærstum hluta en sveitarfélagið/skattgreiðendur greiða svo rest.

Gjöld fara í daglegan rekstur og umsýslu s.s. laun, húsnæði, hundageymslur, rekstur bíls, tryggingar á hundum, dýralæknaþjónusta, prentun á skiltum og merkjum og annað það sem má taka inn í gerð gjaldskrár skv. auglýsingu frá umhverfisráðuneytinu nr. 254/1999. Gjöldin taka svo mið af hversu margir hundaeigendur hafa sinnt skráningarskyldu sinni.